

**From:** Anna Kristinsdóttir  
**Sent:** 6. apríl 2018 12:06  
**To:** Helga Björk Laxdal  
**Subject:** Aðgerðir til að auka kosningaþátttöku

Sæl,

Mannréttindaskrifstofa var falið að koma í framkvæmd eftirfarandi tillögu til að auka kosningaþátttöku við komandi sveitarstjórnarkosningar. Tillagan var samþykkt í borgarráðs þann 8. febrúar s.l.

**Tillaga 4. Samstarf við Háskóla Íslands**

Farið verði í samstarf við Háskóla Íslands um gerð kynningarefnis og rannsókn á virkni þess. Háskóli Íslands hanni inngrip og aðgerðir sem miði að því að auka kosningaþátttöku ákveðinna hópa og framkvæmi rannsókn á virkni þeirra í kjölfarið.

Fundað var með fulltrúum Háskóla Íslands þann 3.apríl s.l. og var mannréttindastjóra falið að óska eftir upplýsingum vegna eftirfarandi þátta:

1. Telur Reykjavíkurborg það að senda skilaboð í farsíma valins hóps nýrra kjósenda, í kjölfar útsends póst, og minna á kosningar og eða komandi kosningar teljist til markaðssetningar? Þar er vitnað í ákvörðun Póst-og fjarskiptastofnunar frá desember s.l. um sms sendingar í aðdraganda alþingiskosninga.
2. Er mögulegt að safna upplýsingum úr kjörskrá, að aflloknum kosningum, um kosningu í ákveðnar kjördeildir, eftir aldri?

Bestu kveðjur/ Best regards

**Anna Kristinsdóttir,**  
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar/  
Director of Human Rights Office  
Ráðhúsi Reykjavíkur/Reykjavík City Hall  
101 Reykjavík, Iceland

Sími: 411 4151 Tel: +354 4114151  
[anna.kristinsdottir@reykjavik.is](mailto:anna.kristinsdottir@reykjavik.is)  
[www.rvk.is](http://www.rvk.is)